

Fimmtudaginn 5. mars 1998.

Nr. 94/1998.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

(sjálfur)

gegn

Eric Jason Winson Duncan

(Smári Hilmarsson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 28. febrúar 1998, þar sem varnaraðila var bönnuð brottför úr landi allt til miðvikudagsins 1. apríl nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 28. febrúar 1998.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði hefur krafist þess, að Eric Jason Winson Duncan, kt. 050272-2499, með lögheimili að Smiðsbúð 9, verði gert að sæta farbanni í allt að tvo mánuði.

Kærði er grunaður um brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga. Hann hefur hjá lögreglu og fyrir dómi játað að hafa slegið Kristján Örn Hilmarsson fjögur til fimm hnefahögg í andlit nú í morgun. Atvikum er svo lýst, að hann hafi komið á heimili sitt og sambýliskonu sinnar, og hafi þá Kristján sofið í rúmi hans ásamt sambýliskonu kærða. Hafi hann vakið hann og slegið. Kristján mun hafa hlotið talsverða áverka á höfði.

Kærði mótmælir kröfunni, og vísar verjandi hans til þess, að hann hafi

viðurkennt brot sitt og verið mjög samvinnufús. Telur hann ekki þörf á farbanni.

Niðurstaða.

Kærði er undir rökstuddum grun um brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga. Formskilyrðum er fullnægt, til að beitt verði gæsluvarðhaldi, en farbann yrði í þessu tilviki talið fyllilega nægileg aðgerð. Fallast verður á, að nauðsynlegt sé, til að rannsókn og síðan hugsanlegri dómsmeðferð málsins verði fram haldið með eðlilegum hætti, að beitt verði farbanni. Styðst það við 110. gr., sbr. a- og b-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Nægilegt er þó, að farbannið standi í einn mánuð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Eric Jason Winson Duncan er bönnuð för úr landi allt til miðvikudags 1. apríl 1998 kl. 16.00.
